

Eimreiðin 27. árgangur 1921, bls. 171 - 192.

Eftir Magnús Jónsson dósent.

Guðmundur biskup góði.

I.

Árið 1234 sást í Rómi suður maður einn norrænn, hár vexti og tígulegur, leita fyrirgefningar heilagrar kirkju. Þessi maður var glæsímennið mikla Sturla Sighvatsson. »Var honum ráðið [þ. e. hýddur] fyrir flestum höfuðkirkjum, og bar sig drengilega, sem líklegt var. En flestir menn hörmuðu hann, og margt fólk stóð úti og undraðist, og barði á brjóstið og harmaði, er svo fríður maður sýnum var svo hörmulega leikinn, og máttu eigi vatni halda, bæði karlar og konur«¹). Þannig lýsir sagan því er Sturla leitaði sátta fyrir mótgerðir þeirra feðga við Guðmund biskup Arason. Svo viðurhlutamikið þótti mönnum í þann tíð að vera í ósátt við kirkjuna, og svo mikið vildu jafnvel stoltustu höfðingjar á sig leggja til þess að friða samviskuna.

Þetta sýnir oss vel, hve varasamt það er, að leggja mælikvarða samtíðar sinnar á menn og málefni fyrri alda. En þó er það engan veginn óalgengt, að sagnaritarar leyfi sér það, og snúi með þeim hætti öllu eftir sínu höfði upp eða niður. Þeir sem börðust einlægast fyrir göfugustu hugsjónum og stærstum málefnum, fá oft og einatt miskunnarlausan sleggjudóm, af því að það kemur ekki heim við það kram, sem í dag, mörgum öldum síðar, þykir góð vara. Og svo mun seinni tíminn gera oss sömu skilin, því hver veit hvernig á vor »góðu málefni« verður litið eftir nokkurar aldir?

Einn af þeim mönnum, sem óspart hefir fengið að kenna á þessum sleggjudómum, er sá maður, sem hér á um að ræða, Guðmundur biskup Arason, sem hlaut það viðurnefni, af þeim, sem þektu hann best, að hann var kallaður »hinn góði«. Hann hefir fyrst og fremst fengið að gjalda þess, að hann helgaði krafta sína þeim sið, er síðar var rækur ger og beitti sér öllum honum til eflingar, en það var hinn kaþólski siður, kaþólska kirkjan. Alstaðar sem menn þektu til, var þá að þessu starfað og engin hugsjón var hærrí né göfugri í augum manna. En ísland var orðið þar sem víðar aftur úr. Guðs málefni, eins og menn skildu það þá, var hvergi jafn skamt á veg komið og hér, og það gat Guðmundur ekki horft upp á. Réttur heilagrar kirkju var fyrir borð borinn. Guðs kirkja var hornreka fyrir uppvöðslumiklum ribböldum. — En svo var annað. Hann sá ekki aðeins þessa hugsjón kirkjunnar og leitaðist við að koma henni áleiðis. Hann sá engu síður hugsjónina, sem hver einstaklingur átti að leiða í framkvæmd með lífi sínu, en það var eftirbreytni Krists, imitatio Christi, eins og menn skildu hana á miðöldunum. Og þessum hugsjónum fylgdi hann með ósveigjanlegri festu og einurð svo að alt varð að víkja. Hann hirti ekki um það, þótt hann yki á losarabrag Sturlungaaldarinnar og flýtti með því fyrir hruni sjálfstæðisins. Hann leit ekki heldur á það, hvað í því fólst, að hefja málskot til

¹ Bisk, I. 555.

erlendra höfðingja og gefa þeim svo tækifæri til þess að blanda sér inn í Íslands mál. Og hann hirti eigi þótt hann hafnaði náðum þeim og hóglífi er hann gat átt kost á, og varpaði frá sér völdum biskupsdæmisins til þess að geta líkst Kristi að mildi og örlæti við bágstadda.

Þetta er ekki nema að sumu leyti vorar hugsjónir. Eftir vorum tíma má kalla hann valdasælinn, óþjóðrækinn, bruðlunarsaman, hjátrúarfullan og guð má vita hvað. En reynum nú heldur um stund að setja oss í spor samtíðar hans og líta á hann þaðan. Svo viljum vér láta dæma oss og afsaka, og svo skulum vér og aðra dæma.

II.

Guðmundur var ættaður vel. Faðir hans og föðurfrændur voru garpar miklir og veraldarmenn sem mest mátti verða. Þeir þjónuðu höfðingjum í Noregi við ágætan orðstír og áttu, að höfðingja sið, börn með mörgum konum. Hann átti því ekki langt að sækja það þótt hann væri karlmenni og einarður vel í mannaum, en hitt verður síður fundið hvaðan honum kom það, sem ágætir hann mest, sem er hneigð hans til meinlætalis og dulargáfa hans.

Í uppvexti sýndist hann líkur flestum sveinum öðrum. En þó þótti það spásögn mikil, að jafnan er þeir áttu leik saman sveinarnir, var Guðmundi »ger mítra og bagall og messuföt, kirkja og altari, og skyldi hann vera biskup«¹). Ekki þarf þetta þó að vera jafn undarlegt og út lítur í fyrstu, því að Guðmundur hafði þá verið settur til bóknáms og ætlaður til kirkjulegra embætta. Er þetta í sögunni heimfært til ársins 1171, en þá var Guðmundur 10 vetra að aldri. Snemma kom þó fram eitt einkenni hans, er heldur þótti fylgja honum síðar, en það var það, hve lítt honum var um það gefið að láta sinn hluta. Er sagt að föstra hans og föðurbróður, Ingimundi presti, hafi snemma þótt nóg um það²). Svo mun og Þorvarði föðurbróður hans hafa þótt löngu seinna, er þeir ræddust við frændur á Víðimýri, og Guðmundur skoraðist undan að taka biskupskosningunni. Þorvarður var stórbrotnastur þeirra frænda. »Eg þykkjumst«, kvað hann, »eiga að sjá fyrir þér, og vera forsjármaður þinn og vil eg ráða«. Þá svarar Guðmundur: »Hví mundi það sæta, að eg skula eigi ráða fyrir mér?« Þorvarður svarar: »Veistu það frændi, að eg hefði verið höfðingi yfir ætt vorri, en minn faðir fyrir mér. Nú hlýtti því minni forsjá þinn faðir og svo allir frændur mínir, enda ræð eg þér það, því að þú munt ætlaður höfðingi eftir mig«. Þá segir Guðmundur: »Ekki bauð þú mér að taka eftir föður minn og lítillar virðingar hefir þú mér leitað hér til, nema berja mig til bókar. Nú sýnist mér svo enn, sem þú viljir koma mér í vanda en eigi virðing og mun eg eigi játa þessu«³). Guðmundur varð biskup, en ekki fyrir skipan Þorvarðs. Miklu máttu sín meira hjá honum draumar þeir, er Þorvarð hafði dreymt. Þar hitti hann á veikan þúkt hjá Guðmundi frænda sínum⁴).

Þetta skapseinkenni var svo ríkt í Guðmundi, að það hlaut að fylgja honum í hvaða stöðu, sem hann hefði gengið. En eins og varð hlaut það að eflast mjög við það, að hann komst í stöðu, þar sem hann var sannfærður um, að hann væri ráðsmaður yfir málefni guðs. Og rás viðburðanna lét þennan eiginleika hans koma mjög skýrt í ljós. En viðureign hans við Toll-

¹ Bisk. I, 417.

² Bisk. I, 416.

³ Bisk. I, 473.

⁴ Bisk. I, 474.

Odd¹) sýnir ofurlítið dæmi þess hvernig hann hefði orðið í héraðsstjórn, ef hann hefði gerst veraldlegur höfðingi. Hann mundi ekki hafa látið mál sín dragast úr hömlu eða falla niður fyrir tómlæti.

Sagan getur beinlínis um tvo viðburði, sem breyttu hugarstefnu Guðmundar og sveigðu hana inn á þær leiðir, sem verða vildi. Þegar Guðmundur var níttján vetra að aldri (1180) ætluðu þeir utan Ingimundur prestur og Guðmundur. Þeir hreptu afspyrnu veður og keyrði skipið vestur að Hornströndum, þar sem Skjalda-Bjarnarvík heitir. Héldust menn nauðulega, en Guðmundur varð fyrir rá einni og molaðist fóturinn. Lá hann lengi í því meini og tókst ekki betur að græða en svo, að bein stóð út úr fæti hans og urðu tveir menn að draga það áður það losnaði²). En þetta alt, bæði skipreikinn, slysið og legan hefir haft djúp áhrif á Guðmund, enda segir svo síðar í sögunni, að vetur þann er hann lá í fótbrotinu á Ströndum, hafi mönnum þótt skap hans skiftast mjög, »svo að nálega þótti hann allur maður annar í aðferð sinni en fyrst þótti á horfast er hann var ungur«³).

Hinn atburðurinn var andlát Þorgeirs, sonar Brands biskups Sæmundarsonar, árið 1186. Tók hann sótt í hafi á leið út hingað og andaðist skömmu eftir að þeir tóku land hér. Þorgeir hafði jafnan reynst Guðmundi hinn besti drengur og fulltingismaður og voru þeir aldavinir. »Það vottaði síðar Guðmundur Arason«, segir sagan, »að hann hefði engis manns þess mist, er honum þætti jafnmikið að missa, og það féll honum svo nær, að nálega mátti kalla, að hann skiftist í annan mann að mörgu eðli síðan. — Hann gerðist þá mikill trúmaður í bænahaldi og tíðagerð og harðrétti og örlæti, að sumum mönnum þótti halda við vanstilli, og ætluðu, að hann mundi eigi bera mega alt saman, harðlífi sitt og óyndi af andláti Þorgeirs⁴).

Það er bersýnilegt, að hugur Guðmundar stefndi í þessa átt, og þessir ytri viðburðir hafa aðeins hert á þroska hans. Það steðjaði margt að honum um þessar mundir, sem vakti alvöru hans og ábyrgðartilfinningu. Ingimundur fóstri hans, sem hafði verið honum í föður stað frá því er hann misti föður sinn, í æsku⁵), fór utan 1185 og Þorgeir Brandsson, vinur hans, svo að hann varð að tefla meira upp á eigin spýtur og þá veitti Brandur biskup honum prestsvígslu, en næsta ár frétti hann lát Þorgeirs. Má svo segja, að upp frá þessu sé braut hans alveg ákveðin, svo að þar verður í raun rétttri engin breyting á upp frá því.

Nú fór og að fara af honum frægðarorð það, er síðan jókst og margfaldaðist. Hann lá á bæn nóttum saman í kirkjum og skrifaði jafnan er hann náði kennimannsfundi. En þætti honum of langt líða milli, skrifaði hann hjá sér ávirðingarnar, svo að ekkert gleymdist. Hann vildi ekki svíkja tíund fyrir drotni. Þá hefjast og ölmusugæði hans fyrir alvöru, svo að ekkert verður honum við hendur fast. Og einkennilegt er það, að samtímis byrja yfirmenn hans að ýfast við hann. Má hér sjá undirrót styrjaldarinnar og herina báða í byrjun. Móti honum eru þeir, sem þótti ölmusugæði hans keyra fram úr hófi, en það var bæði gert vegna kirkjunnar, er ekki þótti

¹ Bisk. I, 426.

² Bisk. I, 420.

³ Bisk. I, 431.

⁴ Bisk. I, 430.

⁵ Ari Þorgeirsson féll í orustunni á Ryðjökli 1167, þar sem hann varði Erling jarl. Heimskr. Kbh. 1911, bls. 636; Forums. VII, 317; Bisk. I, 414, 416.

mega við svo mikilli bruðlun, og svo vegna bænda, er oft fengu allþungar búsisfjar af betlarasæg þeim, er jafnan safnaðist að Guðmundi. Urðu höfðingjar því vinsælir fyrir af ýmsum efnaðri mönnum. En á hinn bóginn er alþýðan öll, sem tignaði Guðmund, ekki aðeins vegna gjafmildinnar, heldur og fyrir guðrækni hans og dýrlega náðargáfu til kraftaverka. Fær hann nú bráðlega kenningarnafn sitt, »hinn góði«, en þó er ekki hægt að segja með vissu, hvenær það nafn hefir tekið að festast við hann.

III.

Eg held að mörgum sé gjarnt, að hugsa sér Guðmund biskup Arason eins og hálfgerðan karlbjálfa, vesaldarlegan að ytra útliti, en hið innra fullan hjátrúar og fáfræði. En þetta mun vera mjög fjarri réttu. Hann hefir líklega verið karlmenni að burðum, eins og hann átti ætt til, og kappi að eðlisfari. Ekki ber á kveifarskap hjá honum í fótbrotinu á Ströndum. Hann brá sér hvergi þótt fóturinn væri svo molaður að »þangað vissu tær er hæll skyldi«, eins og sagan kemst að orði. Vorið eftir kom hann gangandi að norðan langan veg og var þó fóturinn ekki burðugri en það, að úti stóðu leggjarbrotin, og þá hefir hann hlotið að finna til áður tveir menn voru búnir að tosa burtu beinunum með töngum. Þá má nærri geta, að oft og einatt hefir verið ógaman á flakki hans á öllum tímum árs, og varla ávalt verið stafkarla meðfæri. Má minna á ferðina frægu yfir Heljardalsheiði, þar sem fjöldi af föruneysi hans varð úti í stórhrið¹). Hefir hann þolað þar hið mesta vos og erfiði, án þess að bila. Hafði hann þó lánað kyrtil sinn, til þess að verja barn eitt kulda, og hefir því verið illa búinn eftir. Í Guðmundarsögu Arngríms er lýsing á Guðmundi. Er hún að vísu skráð talsvert löngu eftir, en samt er ekki ástæða til þess að efast um að hún sé rétt, því að, eins og Arngrímur segir, þá var Guðmundur svo vel þektur um land alt, bæði að sjón og skýrri frásögn, að mynd hans hlaut að geymast talsvert lengi rétt. Lýsingin er svona: »Heldur lægri en meðalmaður og þykkur í vextinum, breiðlaginn í ásjónu og eigi langleitur, æ með hýrlegu bragði«²). Ekki er hætta á að Guðmundur hafi verið þykkur í vexti eða breiðleitur í andliti af fitu, eftir allar fösturnar, erfiðið og strangleikann við holdið, heldur er þetta lýsing á fremur lágvöxnum, en saman reknunum, kraftamanni. Fleira hefi eg ekki fundið er sýni útlit Guðmundar biskups, nema ef vera skyldi uppnefni þeirra Arnórsmanna við Hvítá, þegar þeir höfðu Guðmund þar í haldi, »að Kampi svæfi lengi um morguninn«³). Veit eg ekki hvort »Kampi« á við það, að Guðmundur hafi verið skeggjaður, og þá ef til vill með mikið eða einkennilegt skegg, en ólíklegt finst mér það um rómversk-kaþólskan preláta, sem tíðast eru rakaðir.

Í háttum sínum mun Guðmundur hafa breyttst lítið, frá því er hann varð prestur, nema hvað hæfileikar hans hafa þroskast og magnast, eftir því sem bann komst lengra í því að æfa þá og temja. Með biskupstigninni hefir hann ekki heldur breyttst, en lotningin fyrir honum hefir þá aukist enn meir hjá öllum þeim sæg, er jafnan fylgdi honum, og hann þá líka átt meiri kost á, að líkna þeim og draga þá að sér, þótt litlar náðir hefði á biskupsstóli. En við þessa takmarkalausú aðdáun, bæði lýðsins og klerka þeirra, er fylgdu honum, og þá bjargföstu trú,

¹ Bisk. I, 441.

² Bisk. II, 26.

³ Bisk. I, 509.

sem menn höfðu á bænum hans, vígslum og yfirsöngvum, hefir honum vaxið ásmegin er á lá, og þarf enginn að ætla sér þá dul að neita því öllu, sem um hann er sagt í því efni.

Auðvitað kom hann fyrst og fremst fram eins og hver annar samviskusamur klerkur, sí syngjandi tíðir sínar og gætandi allra ströngustu reglna kirkjunnar um föstur og annað slíkt. Má af ýmsu marka það, að hann mundi talinn hafa verið með höfuðklerkum landsins á sinni tíð, þótt ekki hefði hann skorið sig jafnt úr um ýmislegt, sem hann gerði.

Má fyrst nefna það, að hann var bókhneigður mjög, og án efa lærðari maður en alment var. Ingimundur fóstri hans gaf honum, er hann varð prestur, »bækur þær allar, er hann átti bestar og fróðastar«, áður en þeir skildu¹), en Ingimundur var bókavinur hinn mesti, eins og sjá má af sögunni um skipreikann við Strandir, og umhyggju hans um bækurnar²), svo að hann hefði ekki farið að ráðstafa bókum sínum þeim bestu til Guðmundar, nema hann hefði vitað, að Guðmundur kynni að meta þær og mundi nota. Þess er líka beinlínis getið um Guðmund, að hann hafi verið bókamaður. »Hann skoðaði og rannsakaði bækur manna þar sem hann kom, og hendi af hvers bókum það, er hann hafði eigi áður«³). Sýnir þetta hve mikill fróðleiksmáður hann var og bókagrúskari. Enn er þess getið, að Jón Brandsson á Breiðabólstað í Steingrímsfirði hafi gefið Guðmundi »bók þá, er gersimi var, en Páll biskup hafði gefið Jóni«⁴). Jón hefir vitað vel, hvað Guðmundi mundi best koma, og má því talsvert af þessu ráða. Þegar Guðmundur vildi bjarga undan þeim Sigurði og Kolbeini, bannsettum mönnum, því dýrmætasta af staðnum á Möðruvöllum, tók hann þaðan »skrín og helga dóma og bækur nokkrar«⁵). Og loks er þess getið, að skömmu fyrir andlát sitt hafi hann »skift bókum með klerkum sínum«⁶). Kemur þar fram hinsti vilji bókamannsins, að láta ekki skeika að sköpuðu um, hvað af bókum hans yrði að honum látnum. Hann mun því að sjálfsögðu hafa verið vel lærður. Sagan getur um það, að ein aðal-iðja hans hafi verið »að kenna og rita«⁷). Ekki er það þó kunnugt, að neitt ritverk liggi eftir hann, en ómögulegt er að segja um það með vissu. En um kenslu hans er fleira sagt, og komu ýmsir til hans piltum, sem læra áttu til prests⁸). Hann reyndi og, mitt í róstonum, að halda skóla á stólnum, og sýnir það áhuga. Var Þórður ufsi þar skólameistari⁹). En heldur varð sú tilraun endaslepp, því að Arnór Tumason rak biskup af stólnum von bráðar, eins og siður var þeirra norðlensku höfðingjanna við Guðmund biskup, og þá rak hann einnig alla brott úr skólanum, og sýnist það nokkuð hranalega að farið¹⁰).

¹ Bisk. I, 429.

² Bisk. I, 424.

³ Bisk. I, 431.

⁴ Bisk. I, 463.

⁵ Bisk. I, 493.

⁶ Bisk. I, 585.

⁷ Bisk. I, 431.

⁸ Bisk. II, 14.

⁹ Bisk. I, 508.

¹⁰ Bisk. II, 106.

Þá má sjá þess ljósan vott, að hann hefir þótt hinn dýrðlegasti kennimaður. Hvað eftir annað er það rómað, hve ágætar tölur hann flutti á helgum dögum í kirkjum¹), og hann áorkaði miklu um það, að helgi Jóns biskups var upp tekin, með tölu sinni í lögréttu²). En þó að hann hafi eftir þessu verið, eða þótt, mælskur maður, þá bar þó hitt frá, hve forkunnar vel hann söng tíðir sínar. Er sagan full af dæmum um það. Þegar helgur dómur Þorláks biskups var upp tekinn, »setti Páll biskup Guðmund prest Arason næst þeim biskupunum að allri sýslu«, og sýnir það að Guðmundur þótti þá í fremstu klerka röð. Síðan bætir sagan við: »og Guðmundur prestur réð mestu hvað sungið var, þá er heilagur dómurinn var upp tekinn«³). Skýrasta dæmið er þó sagan sú, sem nú skal nefna, því að hún sýnir, að það var ekki aðeins alþýðan, sem dáði messusöng Guðmundar, heldur einnig ágætustu klerkar landsins, sem víða höfðu farið, og gátu um dæmt. »Þá nótt«, segir sagan, »er hann (þ. e. Guðmundur) var þar kominn (að Skálholti), andaðist Ketilbjörg nunna, og lét Páll biskup Guðmund prest syngja fyrir líksöng yfir líki hennar; en biskup stóð yfir meðan og Gizur Hallsson, og varð sú þjónusta svo merkileg, að Gizur vottaði því í tölu sinni yfir gröfinni, að þeir þóttust eigi slíkan líksöng heyrt hafa, og virðu þeir henni til heilagleiks, er henni skyldi slíks auðið verða«⁴). Má fyr vera en svo djúpt sé í tekið með árinna. Verður að álíta, að hann muni hafa verið frábær raddmaður og smekkmáður á söng, og þá hefir ekki vantað alvöruna og hrifninguna fyrir hinu heilaga messuembætti. Enda leið ekki á löngu áður tákni og stórmerki færu að gerast í messunni hjá honum.

Hugmyndina þá um Guðmund Arason, að hann hafi verið peysulegur karlbjálfi og lítilsigldur, er oss því óhætt að leggja á hylluna, en hugsa oss í þess stað þrekvaxinn mannglaðlegan í yfirbragði og viðmóti, vel lærðan og ágætan söngmann; yfirleitt glæsilegan prest og auk þess svo áhugasaman, að hann verður ungur að aldri dýrlingsefni. Enda má vita, að hann hefði ekki að öðrum kosti þótt svo að segja sjálfkjörinn til biskups að Hólum, því að ekki hjálpaði honum auður eða eigin framdráttur né valdalöngun.

Ýmsir munu svara, að það hafi verið Kolbeinn Tumason, sem kom honum á biskupstólinn. Gott og vel. Það er gamla skoðunin, að Kolbeinn hafi gert hann að biskupi, af því að hann hafi talið hann svo mikið rollumenni, að hann mundi geta haft hann í vasanum, en sú skoðun styðst ekki við neitt nema misskilning. Kolbeinn hefði þá valið einhvern annan en þann, sem hann vissi jafn fastan á sínu máli og þráan eins og Guðmund, því Kolbeinn Tumason var vitur maður. Auk þess var Guðmundur valinn af fjölda manns, og staðfestu þeir kosninguna síðar, og þegar kosningunni var skotið undir þá bræður, Pál biskup og Sæmund, lögðu þeir samþykki sitt á hana. En hitt er satt, að Kolbeinn, eða þó öllu heldur Þorvarður gamli Þorgeirsson, tengdafaðir hans, en föðurbróðir Guðmundar, — hafa án efa báðir stutt kosningu Guðmundar, og vænt sér af því styrks og valdaauka, vegna skyldleika og tengda við Guðmund. Sýnir samtal þeirra frænda, Guðmundar og Þorvarðs, sem áður er á minnst, að Þorvarður muni hafa verið mikill hvatamaður þessa máls,

¹ Bisk. I, 465.

² Bisk. I, 460.

³ Bisk. I, 455.

⁴ Bisk. I, 466.

IV.

En þetta, sem nú hefir nefnt verið, var aðeins önnur hliðin á Guðmundi, sú hliðin, sem átti sér þá og hafði jafnan átt ýmsar hliðstæður. Hann var þar eins og aðrir og þó framarlega. En svo kemur hin hliðin á honum, þar sem hann tók sig úr og var sérstakur, og það er þetta, sem hefir gert hann frægastan. Það var það sem réð örlögum hans, aflaði honum hvorstveggja: aðdáunar og andstöðu.

Þetta kemur meðal annars fram í því, að hann lagði miklu ríkari áherslu á sumt, en þekst hafði áður hér á landi. Hér sem annarsstaðar voru t. d. helgir dómar, bæði bein helgra manna og annað slíkt, haft í heiðri og þótti dýrmæt eign og nauðsynleg. En Guðmundur hafði slíka helga dóma í miklu meiri hávegum og notaði þá miklu meira en þekst hafði áður. Sagan segir frá því, og það má sjá, að það þótti einstakt, að þegar Guðmundur var prestur á Völlum í Svarfaðardal, þá lét hann menn á hátíðum og helgum dögum kyssa á bein heilagra manna. Þorsteinn Þraslaugarson hefir vafalaust komið fram fyrir hönd margra þegar hann vildi sporna við þessu, og þótti það nýjung. En hann gerði það nokkuð ógætlega þegar hann lést ekki vita hvort þetta væru heilagra manna bein eða hrossabein. Úr þessu varð rimma mikil milli þeirra, hans og Guðmundar, svo að Brandur biskup varð að skerast í leikinn, en það má sjá skína í gegn, að enda þótt Brandur biskup hlyti að vera Guðmundar megin þegar um slíkt guðlast var að ræða, þá hefir honum þótt nóg um það, hve langt Guðmundur gekk í þessu¹). Jafnvel prestar gátu ekki setið á sér að stinga sneiðum að Guðmundi út af þessu beina dálæti hans. Einu sinni ætlaði Guðmundur að gefa Sigurði Ormssyni á Svínafelli af beini heilags Jóns Hólabiskups. Þá var þar síra Steinn nokkur, er ræddi um »að honum þótti eigi vel litt beinið Jóns biskups, og kvað sér það þykja eigi heilaglegt«. — En Guðmundur var öflugur talsmaður beinsins og svo fór, að með áminningum Guðmundar og fyrir verðleika heilags Jóns varð síra Steinn að falla frá villu sinni og fékk maklegan kinnroða fyrir ótrú sína²). Mun Guðmundur hafa aukið fjarskalega trú manna á helga dóma víðsvegar um landið, því að hann hafði þá jafnan með sér, og hafði sem sverð og skjöld fyrir sér, er hann framdi hin dásamlegustu verk sín, einkum er hann fékst við drauga og forynjur.

Líkt var á komið með vígslur Guðmundar og yfirsöngva. Þetta var líka tíðkað af fleirum í kaþólska siðnum. En þar fór Guðmundur svo langt fram úr öllum, að enginn íslendingur fyr né síðar hefir þar komist með tærnar, sem hann hafði hælana, og má svo segja, að allir aðrir hverfi fyrir honum. Hann vígði alt, sem vígslu varð á komið, en einkum voru þó vinsælar vígslur hans á brunnum og fuglabjörgum. Allir þekkja orðin: »Hættu að vígja Gvendur biskup, einhversstaðar verða vondir að vera«. Það lá við, að varla væri orðinn nokkur griðastaður, nokkurt Heiðnaberg, fyrir illa ára, eftir ferðir Guðmundar, og var ekki kyn, þótt alþýðu þætti hann góður gestur. Lang algengastar voru vatnsvígslur hans. Jafnvel enn þann dag í dag drekka Reykvíkingar vatn, sem vígt er af hinum blessaða Guðmundi biskupi. Vatn hans gekk alment undir nafninu biskupsvatn, og þótti nauðsynleg eign á hverju heimili svo að segja. Það var líka til margra hluta nytsamlegt. Það var notað sem lyf, bæði innvortis og útvortis, og þótti gefast ágætlega, og það jafnt fyrir menn og skepnur. Það bráðdrap eld í

¹ Bisk. I, 440.

² Bisk. I, 468.

húsum, ef því var skvett í hann þó að alt annað um þrotnaði. Á hinn bóginn gat það logað sem besta lýsi í lampa þegar á lá. Það varð að floti í kjötkatli og breytti torfi í kjöt. Þá fylgdi því og dásemdarkraftur mikill á ýmsa lund. Það var borið í þrjónahúfu langa leið; sýndist það eins og svell í húfunni, og þegar því var úr henni helt var hún skrauf þur. Það fór ekki úr íláti þótt það skoppaði ofan háa fjallshlíð og annað þessu líkt. Sýna þessar sögur, hve trú fólksins á vatni Guðmundar hefir verið alveg taumlaus. En þó að vér tökum nú ekki nema hæfilegt mark á þessum sögum þá sýna þær oss, hvílikur sá maður var í augum alþýðu, sem slík trú varð á í lifanda lífi.

En mótspyrnu mætti þetta, og það ekki aðeins af hálfu vantrúaðra, heldur einnig af hálfu kirkjunnar manna, og sýnir það, að hér var þetta komið svo langt, að slíkt hafði ekki þekst áður. Höfundur miðsögunnar af Guðmundi finnur ástæðu til þess, að láta Guðmund halda afarlanga varnarræðu frammi fyrir erkibiskupi og gera grein fyrir framkomu sinni í ýmsum atriðum, og þar á meðal er langur kafli um vatnsvígslur hans. Varnarræðan er bersýnilega eftir höfund sögunnar og er sett í þeim tilgangi að vinna bug á andmælum og efa um réttmæti þessa framferðis Guðmundar. Þó að alþýða manna legði svona mikinn trúnað á það, og má ske einmitt að nokkuru leyti af því, hefir ýmsum verið nóg boðið, og það voru ekki eingöngu smámenni, og ekki eingöngu gert í laumi, heldur gat það komið fyrir, að jafnvel sjálf kirkjustjórnin tæki í taumana. Það sýnir saga ein um jartein Guðmundar löngu eftir dauða hans, og er hún fyrir þessar sakir mjög merkileg. Maður nokkur ungur, Þorvaldur að nafni, hafði farið úr liði um úlnliðinn, og tókst eigi að koma höndinni í liðinn aftur þótt reynt væri, og sló verki miklum í höndina. Um nóttina rennur þó á hann blundur og birtist honum þá draummaður er mælti: »Láttu sækja vatn Guðmundar biskups, og ber á höndina«. Þorvaldur svarar: »Það bannar Árni biskup og er niður laginn brunnurinn«. Svo kemur síðar: »Nú sendir hún (þ. e. móðir Þorvalds) þegar til Keldnabrunns, er þá var ónýttur að boði Árna biskups«¹). Líklega er það Árni biskup Helgason, sem hér er átt við (1304—1320). Hann var stjórnsamur og stiltur kirkjuhöfðingi, og hefir þótt dálætið á »biskupsvatninu« halda við vanstilli, og talið nær að menn leituðu með vandkvæði sín beint til kirkjunnar heldur en setja slíkt oftraust á vatn Guðmundar biskups. Hér sjáum vér því skýrt dæmi þeirrar mótspyrnu, sem hefir fengið höfund miðsögunnar til þess að semja varnarræðurnar fyrir Guðmund og leggja þær honum í munn, en erkibiskup samþykkja alt. Og þessi flokkur sigraði. Helgi Guðmundar og dálæti almennings á honum var alveg óviðráðanlegt, og líklega hefir margt af því, sem frá Guðmundi var komið, verið meðal þess, sem lífseigast var fyrir siðaskiftunum, þremur öldum síðar.

Þá mætti nefna ölmuþugæði Guðmundar, sem fóru langan veg fram úr öllu, sem þekst hafði áður hér á landi.

V.

Vér höfum nú séð, að ýmislegt af því, sem tíðkað hafði verið hér á landi, komst á miklu hærra stig hjá Guðmundi en áður hafði þekst, og fékk svo að segja nýja þýðingu, og mætti nefna hér fleiri dæmi um það ef rúm leyfði og þörf væri. En nú verður loks að minnast á það, sem var hans eigin eign, ef svo mætti segja, og var að nokkru leyti undirstaða frægðar hans og þeirrar trúar, sem á honum var, en það var dulargáfa hans.

¹ Bisk. I, 612.

Það leið ekki á löngu áður ýmislegt kynlegt þótti fara að gerast umhverfis Guðmund, einkum við messuembættið, er þótti sýna, að guð væri í verki með honum umfram aðra menn. Eitt sinn, er guðspjalli var lokið og hann sneri sér fram og tónaði Dominus vobiscum (Drottinn sé með yður), »sá kona ein skynsöm, að eldur fór úr munni honum í loft upp, miklu bjartari en hún hafði séð slíkan fyr«. Kom mönnum saman um að mundi verið hafa »heilags anda eldur«¹). Önnur kona sá ljós mikið, svo mikið sem sólargeisli væri, koma yfir Guðmund, er hann söng messu²). Einu sinni sást líka ljósbjarmi yfir hvílu þeirri, er Guðmundur svaf í, og fylgdi bjarma þeim lækningakraftur³). Einkennileg er sagan af því, þegar Már Finnsson, bóndi í Viðvík, kom út í kirkju, þar sem Guðmundur biskup var á bæn, og sá litinn fugl fljúga af öxl honum upp í loftið og hvarf hann þar. »Hann (þ. e. Már) þóttist ekki vita hvað fugla það var, því að hann var óvanur að sjá heilagan anda« (!)⁴).

Enginn efi er á því, að þessar og þvílíkar sögur mynduðust um Guðmund í lifanda lífi, og hér er um sýnir að ræða, hvernig sem menn annars vilja líta á þær. Verður að gæta þess að prestssagan er rituð mjög snemma af einum af þeim mönnum, er jafnan fylgdu Guðmundi, og má sjá, að þessar sýnir vöktu umtal þá strax, er þær gerðust. Veit eg ekki heldur hve djarft vér eigum að fara í að þræta fyrir alt slíkt, sem fylgt hefir mannkyninu frá ómuna tíð. Í því efni kallar ein öldin það hindurvitni, sem önnur telur óbyggjandi, og er best að tala ekki digurbarkalega um þau efni, þar sem vér höfum jafn garmalegri þekkingu að tjalda eins og í þessum efnum. Þar talar að jafnaði sá með mestri vissu sem heimskastur er og fáfróðastur. Enginn vafi er á því, að sé nokkurum trúandi til þess, að gera það, sem kallað er yfirmáttúrleg verk, þá má trúa Guðmundi biskupi til þess, því að hann sýnist hafa haft til þess flest skilyrði, bæði þann kraft er hann safnaði með sífeldri tamningu á sjálfum sér með bænum, föstum og næturvökum, og á hinn bóginn taumlaust traust fólksins, sem hann starfaði meðal.

Eitt einkennilegt fyrirbrigði má hér nefna, en það er sagan um það, þegar Guðmundur varð þyngdarlaus í svefnhöfuga, sem á hann rann, en kom þá samtímis fram í öðrum landsfjórðungi⁵). Má víst vel gera sér grein fyrir þessu í sambandi við rannsóknir manna á þessum efnum á síðari árum. Snorri í Skálavík heitir í dauðans angist á Guðmund, svo að segja hrópar hann til sín. Guðmundur er svo næmur fyrir fjarhrifum, að hann fær ekki staðist heit hins, en hnígur í mók á knjám vinar síns, þess er varð var við, að þyngd hans hvarf eða minkaði. Einmitt þetta, að Guðmundur hvílir þannig á knjám hans sýnist benda á það, að hann hafi hnigið svo fljótlega út af, að hinn hafi svo að segja gripið hann. Segir sagan, að þetta hafi oftast skeð, að þeim sem svaf hjá Guðmundi hafi fundist eins og hann hyrfi úr rekkjunni þótt hann svæfi þar, og þá hafi jafnan gerst einhver undur af völdum hans annarsstaðar »af heitum manna og kalli«⁶). Ef til vill er það einmitt söguritarinn sjálfur, sem hefir reynt þetta, og í öllu falli hefir það ekki farið margra milli.

¹ Bisk. I, 435.

² Bisk. I, 460.

³ Bisk. I, 462.

⁴ Bisk. I, 436.

⁵ Bisk. I, 464, sbr. II, 26.

⁶ S. st.

Auðvitað er sagður fjöldi af sögum um kraftaverk, er Guðmundur á að hafa gert, bæði í lækningum og öðrum velgervingum. Kom það jafnan fram í hinu kaþólska formi, með helgum dómum, vígðu vatni, yfirsöngvum og slíku, og er það auðvitað. Hefði Guðmundur búið við annað umhverfi og aðra lífsskoðun, hefði þetta ytra form auðvitað breytst eftir því. Það er ytri búningurinn. Hann verður einhver að vera, en að halda, að hann sé einhver töfra lykill er álíka skynsamlegt og að halda, að ekki þurfi annað en fara í föt skáldsins og taka penna hans í hönd til þess að verða skáld sjálfur. Vér verðum líka að lesa jarteinabækurnar meir en lítið varlega. Þar er mörgu skrökvað, margt ýkt, margt misskilið. En þegar búið er að draga alt þetta frá, verður þó eitthvað eftir, einhver afgangur, einhver kjarni, sem hitt hefir spunnist utan um. Hví skyldi ekki að öðrum kosti slíkar sögur spinnast utan um fleiri?

Það yrði margfaldlega of langt mál, að fara hér út í jarteinir Guðmundar, og er þar þó mörg sagan vel sögd. En eg vil geta hér aðeins einnar sögu, þeirrar, sem stórkostlegust er þeirra allra, en það er Selkolluþáttur¹). Saga þessi er því miður of löng til þess að taka hana upp í heilu lagi, en annars væri það freistandi, því þótt hún sé á einstaka stað dálítið klúr, þá er hún meistaraverk. Eg verð þá í staðinn að segja aðalefni hennar með fáum orðum. — Hjú nokkur áttu að færa mey barn til skírnar norður á Hornströndum. Viku þau sér frá því um stund, en þegar þau komu að því aftur sýndist þeim það »dautt og illilegt« og stukku frá því. Barnið fanst ekki síðan. Þóttust menn þá vita hvað um það hefði orðið, því að það var óskirt og »heiðið«, enda kom nú á sjónarsviðið draugur heldur ferlegur og var það kona ein með selshöfuð, og var hún því Selkolla kölluð. Gekk hún nú ljósum logum. Hún gínti bónda einn til samlags við sig, en elti hann svo og ofsótti uns hann fór í rúmið og varð að verja hann nótt og dag fyrir árasum Selkollu. Bóndi þessi hét Þorgils Dálksson. Svo fast sótti Selkolla að honum, að hún sprengdi bæði augum úr manni þeim, er svaf hjá honum á nóttum.

En nú bar svo við að Guðmundur biskup átti leið um Strandir, og var nú heldur en ekki flúið á náðir hans og á hann heitið að létta af þessum ófögnuði. Guðmundur brá þegar við og kom á bæinn. Kom hann þar að kveldi dags og »var ilt að koma, segir sagan, sakir aumleika fólks og ódauns í húsum. Þar var sýt og grátur á fólki, er kvalið var af óhreinum anda; kom þá huggun aumleiks manna er fyrir voru«. Hér sjáum vér Guðmund í allri sinni dýrð innan um þá, sem hann var tengdur sterkustum kærleiksböndum, þá sem bágt áttu og treystu honum. Guðmundur einn var glaður og óhræddur en allir aðrir óttaslegnir og ógurlegur geigur lamaði alla, svo að enginn gáði þess, að draga af honum hosurnar. Þá hleypur alt í einu fram kona heldur ægileg og þrífur í hosurnar, og er þar komin Selkolla. Biskupi verður ekki mjög bilt við, en þrífur af henni hosurnar og keyrir í höfuð henni, en hún hvarf þar niður, sem hún var komin. Fólkinu var ekki rótt eftir þennan agalega viðburð og varð ekki úr svefni, en biskup var á bæn um nóttina. Daginn eftir lét biskup gera 6 krossa stóra og setti þá þar, sem honum þótti þurfa, »og þessir krossar standa þar enn í dag«, segir í sögunni, og að þar sé brent kertum frammi fyrir krossunum. Þegar Arngrímur skrifar sína sögu seinna, eru krossarnir þar enn, en svo var mikil helgi á þessum krossum, að píligrímar, sem að þeim flyktust, höfðu þá nálega tálgað einn þeirra upp svo að »brott voru bæði hendur og fætur«²). Ekki var með öllu lokið viðskiftum þeirra Guðmundar og Selkollu, en það sem eftir er, er fremur ómerkilegt. Það er

¹ Bisk. I, 604; sbr. II, 77.

² Bisk. II, 88.

viðburðurinn um kvöldið, sem hefir verið ægilegur. Hitt sýnist frekar vera eins og viðbót og ýkjur, og sama er að segja um hrosshnútuna, sem var nærri búin að granda tveim mönnum á báti og reyndist vera Selkolla.

Það er nú enginn efi á því, að sagan um Selkollu er sönn, hvernig sem menn vilja gera sér grein fyrir henni, og hversu mjög sem hún kann að vera ýkt og aflöguð. Guðmundur biskup hefir komist í kast við Selkollu. Sagan er færð í letur skömmu eftir að viðburðurinn gerðist, og svo sýna merkin verkin. Þorgils bóndi dó og hinn maðurinn var blindur upp frá því. Krossarnir stóðu lengi eftir sem þögul vitni um það, sem fram hafði farið. Og eitt örnefni staðfestir einnig söguna, Selkollu-kleifar svo nefndar.

En hvað hefir þetta þá verið?

Hefir það verið algengur draugagangur, sem Guðmundur hefir komið af með áhrifa-valdi sínu? Fólkið setur viðburðinn í samband við barnshvarfið, og er því enn æstara. Ýmsir munu nú á dögum ekki koma af fjöllum að annari eins sögu og þessari. Guðmundur er áhrifamaðurinn í andans heimi, sem skakkar leikinn með aðstoð vina sinna þar.

Hver getur sagt með vissu hvað þetta hefir verið?

Það mætti líka láta sér detta í hug eina skýringu á þessum viðburði, og get eg sagt hver hún er, án þess að eg ætli mér þá dul, að geta gert fullnægjandi grein fyrir þessum viðburði.

Barnið hefir grátið mjög, þegar frá því var gengið, og þegar þau komu að því aftur, hefir það verið sofnað og grátbólgið mjög. Hjátruin grípur þau þegar, af því að barnið var »heiðið«; þau halda að illur andi sé hlaupinn í það, og taka á rás burtu frá því. Af einhverjum ástæðum finst barnið ekki. (Gæti líka hugsast að barninu hefði einhvern veginn hlekst á, og hjúin því logið öllu um að það hafi verið svo »dautt og illilegt«).

En nú kemur það einkennilega, sem sýnir hve sagan er ólík því, að hún sé skálduð frá rötum. Draugurinn, sem nú birtist, er alls ekki barn, heldur fullorðin stúlka. Er nú ekki hægt að hugsa sér þetta með þeim hætti, að það sé móðir barnsins, sem hér er orðin aðal persónan í leiknum. Barnið tapast, og ofan á það bætist sú trú, að illur andi hafi sótt það, og þetta veldur því, að móðir þess verður vitfirt, alveg óð. Aðrir aftur á móti verða óttaslegnir við hana, og ímynda sér að barnið dauða, útburðurinn, sé hlaupinn í hana, skoða hana eiginlega sem draug, þótt hún sé lifandi, líta á hana sem illan anda. Hún er úfin og afmynduð í andliti, og fær við það nafnið Selkolla, en það verður svo aftur til þess að í sögunni er sagt að hún hafi verið með selshöfuð. Það mætti geta þess til að hún hafi verið ógift, og því hafi verið gerð svo lítil gangskör að því að finna barnið. Og það mætti líka geta þess til, að Þorgils bóndi hafi verið faðir barnsins. Það gefur skýringu á heimsókn hennar til hans í naustið og því, að hún ofsækir hann svo ákaft. Í einu æðiskastinu rífur hún hinn manninn svo, að hann verður blindur.

Svo mætir hún Guðmundi biskupi. Hún hefir auðvitað heyrt hans getið og trúað, eins og aðrir, á mátt hans. Fyrir óttaleysi hans og andlega mátt, trú hennar og allra hinna, skeður svo »kraftaverkið« þegar þeim lýstur saman um kvöldið. Hún fellur í öngvit og upp frá því er hún róleg. Selkolla er úr sögunni.

Alt er þetta auðvitað keðja af getgátum og annað ekki. En í raun og veru má sjá af þessu, að ekki þarf að haggast nema mjög lítið, til þess að þessi magnaða saga myndist. Selkolla er til. »Draugurinn« er til, nefnilega barnið. Selkolla gerir alt þetta af sér, sem sagt er í sögunni. Þeim lendir saman henni og Guðmundi biskupi. Hann vinnur bug á draugnum og setur hann »niður«, ef svo má segja, að eins sá munurinn, að það er ekki sjálf stúlkan, heldur illi andinn í henni, draugurinn, sem fyrir því verður. — En verkið verður ávalt hreystilegt af hendi Guðmundar biskups, skýr vottur um kjark hans, guðstraust, bænarmátt og vald til þess að hjálpa.

VI.

Rita mætti langt mál og merkilegt um deilur Guðmundar biskups við veraldlega höfðingja, en það yrði þá að gerast í annari ritgerð. Hér er aðeins á það minnst, til þess að það sjáist, að því er með vilja slept.

Deilur þessar hafa verið lagðar út honum til lasts, og má margt um það segja með og móti. En víst er um það, að varla er neitt í þeim, er kasti rýrð á persónu hans eða gefi tilefni til þess að ætla honum lágar eða illar hvatir. Hann lagði mest í sölurnar sjálfur í þessum deilum, auð og völd og þægindi lífsins öll, heimili sitt, biskupsstól og föðurlandið sjálft löngum stundum. — Og talsvert er það merkilegt, og sýnir hve gersamlega var ómögulegt að finna höggstað á honum í því efni, að hvernig sem andstæðingar hans báru honum á brýn allar vammir og skammir, og báru róg um hann innan lands og utan, þá var hann aldrei borinn því, að hann hefði verið við konu kendur. Og þó gafst nóg tilefni til þess, því að margar konur fylgdu honum að staðaldri, og þær sumar fagnar og ekki hreinlifar áður.

Hann sýnist hafa verið frábærlega grandvar í líferni sínu, og komist undra langt í því, sem hann þráði mest, imitatio Christi, eftirbreytni eftir Kristi. Í öllum raunum hans heyrst ekki æðru orð. Og hversu sem hann var hart leikinn, verður aldrei vart hjá honum hefndar hugarfars, nema í þetta eina sinn, er hann var fluttur nauðugur, og í rauninni eins og fangi, úr Grímsey. Þá eru höfð eftir honum þessi orð: »Hefn þú nú Drottinn, eigi má vesalingur minn«. Þegar lítið er á það, hvernig óvinir hans höfðu þá leikið hann og alla þá, sem honum var annast um, limlest suma og drepið aðra, og misþyrmt þeim öllum, jafnvel þeim, sem dáinn var og grafinn áður, þá verður varla sagt að þetta séu stór orð. Og þó má mikið vera, ef hann hefir nokkuru sinni sagt þau. Þau gátu svo vel myndast út frá því, að einmitt í þessari ferð í land úr Grímsey skall á aftaka veður, svo að fjöldi manna týndist. Hefir þá ekki þurft nema eitthvað, er skilja mátti á þann veg hjá Guðmundi, til þess að því væri á lofti haldið til marks um það, hve bænheitur hann hefði verið.

Að lokum vil eg minna á eina sögu af Guðmundi biskupi, af því að mér finst hún svo falleg. Eg skal ekkert um það segja hvað mikið er satt í henni. Hún er helgisögukend, en hún geymir einn mikilsverðan sannleik samt, því að hún sýnir hvernig mynd sú var af Guðmundi, sem geymdist í brjóstum trúaðs almennings.

Til þess að skilja söguna verðum vér að hafa í huga, að Kolbeinn Tumason, sem reyndist biskupi svo þungur í skauti, var eitt ágætasta skáld sinnar tíðar og einlægur trúmaður, og orkti um heilaga menn, en einkum þó um heilaga guðs móður, Maríu. Ljóð hans eru nálega öll glötuð og týnd, en erindi nokkur, sem hann á að hafa orkt rétt fyrir dauða sinn: »Heyr þú himna smiður«, eru aðdánlegt meistaraverk að innileika og skáldlegri fegurð.

Kolbeinn var, eins og áður er sagt, kvæntur Gyðríði Þorvarðsdóttur, en þau voru bræðrabörn hún og Guðmundur biskup. — Sagan er svona, orðrétt¹):

»Þar var ávalt hin mesta blíða með þeim biskupi og henni (þ. e. Gyðríði), hversu sem með þeim Kolbeini var og biskupi; og alt bætti hún um með þeim, það er hún mátti.

Gyðríður spurði biskup einu sinni, er þau töluðu marga hluti með sér: »Hvað ætlar þú, frændi, hvort María drotning launi Kolbeini nokkuð í þessum heimi fyrir það, er hann kveður um jartegnir hennar og dýrðir?«

Biskup svarar: »Víst mun hún launa honum, þá er hann þarf mest.«

»Nær mun það, er hann þarf mest?« segir hún.

Biskup mælti: »Hvenær ætlar þú að hann þurfi mest?«

Hún svarar: »Það vildi eg að María veitti honum fyrst hér í heimi, að hann gerði aldrei í móti þér.«

Guðmundur biskup mælti: »Létt mun honum það falla, er hann gerir í móti mér, ef eg skal ráða.«

Gyðríður svarar: »Vel mun þér fara, frændi, en það alt best, er mestu varðar; en allhrædd er eg um þó, að honum verði eigi að engu það, er hann gerir í móti þér.«

Og nú fær á hana, og grætur hún af tali þeirra og hugboði því, er hún hafði í brjósti, en biskup huggaði hana, sem alla aðra, er hann sá hrygga, því að hann mátti ekki aumt sjá, og mælti hann svo til hennar: »Gráttu eigi, frændkona, guð mun sjá til með oss og verði sem hann vill, það mun best gegna öllum oss.«

Nú kom þessi spásaga Guðmundar biskups fram, þá er Kolbeinn var að bana kominn, og hann bað biskup miskunnar, en guð hjálpar; þá mælti biskup: »Nú mun María launa þér kvæði þín, og helgir menn guðs, er þú hefir orkt um, enda þarf nú mest við; skal eg nú og miskunna þér, það er eg má.«

¹ Bisk. I, 569.